



Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Umsögn velferðarráðs um drög að aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2025-27

Á fundi velferðarráðs þann 6. desember 2024 var meðfylgjandi umsögn um drög að aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar 2025-27 samþykkt.

Fulltrúi Sósíalístaflakks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að aðgerðir gegn ofbeldi ávarpi líka ójöfnuð innan samfélagsins þar sem þetta tvennt er tengt.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Umsögn velferðarsviðs er mjög gagnleg og mun fulltrúi Flokks fólksins koma þeim á framfæri í mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði en fulltrúinn situr í því ráði og tekur því þessar ábendingar alvarlega. Segir í umsögn “meðal hlutverka mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs er að vera vegvísir í baráttunni gegn ofbeldi, vera ráðgefandi fyrir starfsemi borgarinnar í málaflokknum og stuðla að upplýstri umræðu um ofbeldi á öllum sviðum borgarinnar. Um er að ræða mjög mikilvæg verkefni. Vert er að velta upp hvort hlutverk ráðsins mætti einnig felast í að hafa frumkvæði að því að lagt verði heildstætt mat á þær aðgerðir sem til staðar eru nú þegar, greina hvað betur má fara, hverju þarf að gera meira af og hvaða nýju aðgerðum þurfi að bæta við til að tryggja árangur.” Fulltrúi Flokks fólksins var sérlega áhugasamur um aðgerð átta í aðgerðaáætluninni en þar er lagt til að stofnaður verði tímabundinn starfshópur sem fær það hlutverk að greina stöðu barna og ungmenna í tengslum við ofbeldi og setja fram tillögur um sameiginlegt verklag. Flokkur fólksins telur að þessi aðgerð sé mjög mikilvæg og þörf. Flokkur fólksins lagði reyndar til svipaða aðgerð fyrir rúmum tveimur árum. Í umsögn velferðarsviðs er einmitt lögð áhersla á mikilvægi þessarar aðgerðar.

Umsögnin er hér með send mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Virðingarfyllt

Rannveig Einarasdóttir

sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Umsögn um drög að aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2025-27, samþykkt á fundi velferðarráðs 6. desember 2024.





Reykjavík, 4. desember 2024

MSS24060082

UMSÖGN

Viðtakandi: Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Sendandi: Velferðarráð

Efni: *Umsögn velferðarráðs við drög að aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2025- 2027*

Á fundi velferðarráðs 20. nóvember 2024 voru lögð fram drög að aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2025-2027.

Velferðarráð óskaði eftir því að velferðarsvið gerði drög að umsögn fyrir ráðið um aðgerðaáætlunina.

Umsögn:

Aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi er sett fram til að ná yfirsýn yfir þau fjölmörgu verkefni sem borgin sinnir í vinnu gegn ofbeldi. Hún er einnig vegvísir í baráttunni gegn ofbeldi og er ætlað að tryggja framkvæmd þeirra aðgerða sem eru tilgreindar. Í áætluninni er 51 aðgerð. Athygli vekur að velferðarsvið og Barnavernd Reykjavíkur fara með stórt hlutverk í aðgerðum áætlunarinnar, þ.e. eru skilgreindir ábyrgðaraðilar í 14 aðgerðum og til samráðs í öðrum 22 aðgerðum. Samtals 36 aðgerðum eða ríflega 70 % aðgerða.

Samkvæmt upplýsingum frá velferðarsviði hefur starfsfólk sviðsins og þ.m.t. Barnaverndar haft tækifæri til að koma fram sjónarmiðum sínum og ábendingum til mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og tekið hefur verið tillit til fjölmargra þeirra.

Flestar aðgerðirnar sem fram koma í áætluninni eru verkefni sem eru orðin venjubundin verkefni velferðarsviðs, verkefni sem samþykkt eru á grundvelli velferðarstefnu Reykjavíkur eða af velferðarráði. Aðgerðaáætlun mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs samanstendur því af aðgerðum í öðrum aðgerðaáætlunum/stefnum og kann það að valda ruglingi meðal þeirra sem starfa á vettvangi. Velferðarráð telur mjög jákvætt að fyrir liggi á einum stað yfirlit yfir þau verkefni borgarinnar er lúta að vörnum og viðbrögðum gegn ofbeldi og þakkar fyrir að fá tækifæri til að taka þátt í gerð aðgerðaáætlunar.

Meðal hlutverka mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs er að vera vegvísir í baráttunni gegn ofbeldi, vera ráðgefandi fyrir starfsemi borgarinnar í málaflokknum og stuðla að upplýstri umræðu um ofbeldi á öllum sviðum borgarinnar. Um er að ræða mjög mikilvæg verkefni. Vert er að velta upp hvort hlutverk ráðsins mætti einnig felast í að hafa eftirlit með að fagræð borgarinnar leggi heildstætt mat á þær aðgerðir sem til staðar eru, að þau greini hvað betur má fara, hverju þarf að gera meira af og hvaða nýju aðgerðum þurfi að bæta við til að tryggja árangur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs. Slíkar tillögur væru þá unnar í samráði við viðkomandi fagræð borgarinnar.



Reykjavík



Velferðarráð fagnar því hve mikill metnaður og áhugi er á að vinna að forvörnum gegn ofbeldi innan Reykjavíkurborgar, sem og að bregðast við afleiðingum ofbeldis. Upp hafa sprottið ýmis verkefni og samráðshópar sem láta sig málefnið varða. Þótt óneitanlega sé það kostur að svo rík áhersla sé lögð á verkefnið þá er hættu á, þegar svo margir aðilar koma að málum, að heildarsýn á málefnið, markmið og stefnu glatist. Velferðarráð telur því að aðgerð átta, í aðgerðaráætluninni um stofnun tímabundins starfshóps sem hefur það hlutverk að greina stöðu í málefnum barna og ungmenna í tengslum við ofbeldi og setja fram tillögur um sameiginlegt verklag, sé mjög mikilvæg og þörf aðgerð til að ná yfirsýn yfir málaflokkinn. Mikilvægt er að starfshópurinn horfi til þess að íbúar og foreldrar eru oft á tíðum okkar bestu bandamenn þegar unnið er gegn ofbeldi. Einnig þarf að horfa til þess að foreldrafélög, íbúasamtök, nágrannavarsla og ýmis frjáls félagasamtök vilja leggja sitt af mörkum í aðgerðum gegn ofbeldi.

Velferðarráð ítrekar mikilvægi þess að allir sem að vinna að forvörnum og aðgerðum gegn ofbeldi vinni saman sem ein heild.

